



Reykjavíkurborg
Stjórnsýslu- og starfsmannasvið

Alþingi
Erindi nr. P 132/1801
komudagur 25.4.2006

Reykjavík, 21. apríl 2006
R06040069
175
BBS/FF

UMSÖGN

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari

Sendandi: Starfsmannaskrifstofa

Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð, 710 mál, heildarlög.


Með bréfi Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 12. apríl sl. fékk starfsmannaskrifstofa Reykjavíkurborgar til umsagnar frumvarp til laga um kjararáð, 710. mál, heildarlög.

Tekið er almennt undir þau markmið sem koma fram í frumvarpinu að æskilegt sé að gera kjaraákvæðanir þjóðkjörinna manna og ríkisstarfsmanna einfaldari og aðgengilegri fyrir borgarana. Einnig að staðfest sé af löggjafanum að kjararáði beri alltaf að taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði en ekki að vera í forystu um að móta launastefnuna sjálfa fyrir vinnumarkaðinn i heild.

Varað er við þeim nýmælum í frumvarpinu að kjararáði verði heimilt að ákveða nánar hvaða aðilar falla undir úrskurði ráðsins. Æskilegt er að löggjafinn ákveði með skýrum hætti í lögum hvaða störf ríkisstarfsmanna skuli heyra undir kjararáð með skírskotun í þá meginreglu laga og alþjóðlegra skuldbindinga um félagafrelsi launamanna og rétt þeirra til að vera í stéttarfélögum. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins og 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis ættu þannig að vera óparfar. Verði frumvarpið að þessu leyti samþykkt óbreytt þá ætti að vera rækilega áréttað að kjararáði beri að túlka heimildina þröngt og að almennt beri að virða þá lögfestu meginreglu að kjör opinberra starfsmanna skuli ákveðin með kjarasamningum sbr. 4. gr. og 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ákvæði 8. greinar frumvarpsins um kjaraviðmið kjararáðs svarar til ákvæða í gildandi lögum. Bæði Kjaradómi og kjaranefnd hefur reynst erfitt að finna skýr viðmið fyrir störf ríkisstarfsmanna sem heyra undir Kjaradóm og kjaranefnd við önnur störf í þjóðfélaginu. Þá hefur einnig reynst torvelt að fá hljómgrunn í þjóðfélaginu fyrir leiðréttingum á þessum hópum vegna skírskotunnar laganna að taka skuli tillit til "*almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði*". Ekki verður séð af frumvarpinu að þessi vandi í gildandi löggjöf sé leystur. Í þessu sambandi má benda á að til er vísitala um meðalþróun mánaðarlauna opinberra starfsmanna sem Hagstofan reiknar út sem gæti verið almennur grunnur fyrir launaþróun þeirra sem heyra undir kjararáð.

Virðingarfyllt
Birgir Björn Sigurjónsson, skrifstofustjóri

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Birgir Björn Sigurjónsson', written in a cursive style.